



Kynningarbréf um rannsóknina: Nýgengi heilahristings meðal íslenskra íþróttamanna í efstu deildum.

Ágæti þátttakandi

Þér er boðið að taka þátt í rannsókn um nýgengi heilahristings meðal íslenskra íþróttamanna í efstu deildum fótbolta, handbolta, körfubolta og íshokkí. Rannsóknin er hluti doktorsverkefnis Ingunnar S. Kristensen við Háskólann í Reykjavík (HR). Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er María K. Jónsdóttir, Ph.D., dósent í sálfræði við sálfræðideild HR (sími 861 7894, netfang: mariakj@ru.is) og má beina spurningum til hennar. Íþróttasamband Íslands er samstarfsaðili ásamt Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðingi. Ráðgefandi í greiningum á heilahristing er Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen læknir.

Markmið rannsóknarinnar er að skrá nýgengi heilahristings hjá íþróttamönnum, konum og körlum, í efstu deildum fótbolta, handbolta, körfubolta og íshokkí í 24 mánuði. Þetta verður gert með því að skrá niður einkenni eftir höfuðhögg sem gefa gætu gefið til kynna heilahristing. Heilahristingur er lýðheilsuvandamál, ekki síst meðal íþróttamanna sem eiga á hættu að fá heilahristing oftari en aðrir. Þó flestir jafni sig vel eftir heilahristing geta margir heilahristingar í röð leitt til langvarandi erfiðleika.

Upplýsingar verða skráðar í gagnagrunn á heimasíðu. Skráning fer þannig fram að gagnaöryggi er tryggt og þeir sem skrá sjá ekki gögn um aðra en þá sem þeir skrá um. Skráningu verður fylgt eftir með símtölum, SMS og tölvupóstsamskiptum frá rannsakendum sem á að tryggja að skráning misfarist ekki. Mikilvægt er því að safna gögnum í framvikri rannsókn eins og gert verður hér.

Þegar gögnin verða færð úr spurningaforritinu í tölfraeðiforrit fá þátttakendur þáttökunúmer. Á sama tíma verður gögnum eytt úr spurningalistaforritinu. Til að hægt verði að boða þátttakendur í hluta tvö verður búið til skjal sem tengir þáttökunúmer við persónuupplýsingar. Það skjal verður geymt í læstri geymslu hjá ábyrgðarmanni. Í gagnaskrá er því aldrei unnið með persónugreinanleg gögn.

Notast verður við SCAT (*Sport Concussion Assessment Tool*) einkennalista þegar spurt verður um einkenni en mælt hefur verið með þessum lista til þess að meta einkenni heilahristings hjá íþróttafólki.

Rannsókninni er skipt upp í 3 hluta:

1. **Hluti. Skráning strax eftir atvik.** Þátttakendur sem hafa fengið högg á höfuð/líkama eða slink á háls í keppni eða á æfingu. eru skráðir í gagnagrunn eftir að hafa veitt smþykki fyrir þátttöku. Upplýsingar sem verða skráðar eru nafn, símanúmer, aldur, kyn, dagsetning atviks, íþróttafélag, íþrótt, staða á velli, fyrstu einkenni. hvort viðkomandi hafi misst meðvitund, hvort að atvik eigi sér stað á keppni eða æfingu, hvort leitað var til læknis, hvort viðkomandi hélt áfram á æfingu



eða keppni, stutt lýsing á atviki og hvort viðkomandi hafi fengið greiningu um heilahristing. Símanúmer íþróttamannsins verður skráð til að hægt sé að hafa samband viku eftir atvik.

2. **Hluti. Viku eftir atvik.** Haft verður samband við þá þátttakendur sem greindu frá einkennum í 1. hluta og þeir spurðir um einkenni, notast við sama einkennalista og áður, SCAT. Spurt verður hvort viðkomandi hafi verið frá æfingum og hvort leitað hafi verið ráða hjá heimilislækni og hvort íþróttamaðurinn hafi fengið fullnægjandi leiðbeiningar um hvað ætti að gera. Einnig verður spurt hvort að íþróttamaðurinn hafi áður tilkynnt höfuðhögg til þjálfara eða íþróttafélags og þá hversu oft.
3. **Hluti. Þrjú mánuðir eftir atvik.** Haft verður samband við þá þátttakendur sem greindu frá einkennum í 2. hluta og þeir spurðir um einkenni, notast við sama einkennalista og áður, SCAT. Slík eftirfylgni hefur ekki verið framkvæmd hér á landi áður.

Þátttaka felur ekki í sér áhættu nema hugsanlegt álag við að svara spurningalistum. Ef þátttakendur upplifa vanlíðan mun standa til boða að leita sálfræðiaðstoðar. Ólína Viðarstóttir sálfræðingur mun veita ráðgjöf sé þess óskað. Lára Eggertsdóttir Claessen mun einnig veita rannsakendum ráðgjöf ef upp koma atvik sem krefjast læknisaðstoðar.

Vísindalegt gildi verkefnisins felst í því að sambærileg rannsókn hefur aldrei verið gerð hérlands og ekki með slíkri eftirfylgni sem gerð er hér.

Þátttaka þín er því mikilvægt framlag til þekkingaröflunar. Þess er og vænst að rannsóknin hafi hagnýtt gildi fyrir alla íþróttamenn svo og ÍSí. Þér ber að sjálfsögðu engin skylda til að taka þátt. Ef þú ákveður að liðsinna okkur geturðu hætt hvenær sem er án eftirmála.

Vísindasiðanefnd hefur gefið leyfi fyrir þessari rannsókn (VSN-20-105) og farið er að lögum um persónuvernd í einu og öllu við framkvæmd hennar.

Með von um góðar undirtektir

María K. Jónsdóttir, Ph.D.
dósent við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík



Upplýst samþykki

Ég undirrituð samþykki þátttöku í rannsókn á heilahristing í íþróttum og afleiðingum hans. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er María K. Jónsdóttir, Ph.D., dósent í sálfræði við sálfræðideild HR (sími 861 7894, netfang: mariakj@ru.is). Mér er ljóst að get ég beint spurningum um rannsóknina til hennar.

Ég samþykki þátttöku að því tilskildu að einungis ábyrgðarmenn verksins og samstarfsmenn hennar hafi aðgang að upplýsingum sem safnað verður og að á svarblöðum og í fræðigreinum eða ráðstefnufyrirlesturum um rannsóknina munu engin nöfn eða önnur persónuauðkenni koma fram.

Ég staðfesti að ég hafi lesið og kynnt mér þær upplýsingar sem ég fékk um rannsóknina og veit í hverju þátttaka felst. Mér er kunnugt um að ég get hætt þátttöku hvenær sem er og án nokkurra skýringa af minni hálfu né eftirmála frá rannsakenda hendi.
